

Sjálfböðastarf í Brothættum byggðum

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR, prófessor í mannfræði

GUÐBJÖRG LINDA RAFNSDÓTTIR, prófessor í félagsfræði

ÚTDRÁTTUR: Dreifbýli Íslands er vinsæll viðkomustaður erlendra sjálfböðaliða sem gegna fjölbreyttum störfum í stað fæðis og húsnæðis. Aðilar sem ráða til sín sjálfböðaliða eru sakaðir um brot á kjarasamningum og launabjófnað, vinni sjálfböðaliðar í efnahgslegri starfsemi og á lögbýlum. Markmið greinarinnar er að svara spurningunni: Efla sjálfböðastörf, unnin af erlendum eða innlendum sjálfböðaliðum, byggðarlög sem tóku þátt í verkefninu Brothættar byggðir eða taka þau störf frá fólki sem vildi búa þar ef atvinnutækifæri væru fyrir hendi? Gagna var aflað í fjórum byggðum sem tóku þátt í verkefninu Brothættar byggðir. Haustið 2022 og vorið 2023 voru tekin viðtöl við um 30 einstaklinga. Jafnframt voru auglýsingar greindar, þar sem óskað er eftir sjálfböðaliðum. Viðmælendur sammæltust um þá meginreglu að virða kjarasamninga og að sjálfböðaliðar gengju hvorki í störf fagfólks né skekktu samkeppni á vinnumarkaði. Skipti þá engu hvort þeir væru innlendir eða erlendir. Samhengi sjálfböðastarfanna þótti þó mikilvægt og sjálfsagt að víkja frá meginreglum um kjarasamninga, samkeppni og fagþekkingu ef störfin væru samfélaginu til hagsbóta og yrðu ekki framkvæmd án aðkomu sjálfböðaliða. Viðmælendur höfnuðu því að erlendir sjálfböðaliðar tækju launuð störf frá heima-fólki. Þeir töldu að sjálfböðastörfin væru byggðarlögunum mikilvæg og í raun forsenda og lífæð hvers samfélag.

LYKILORD: sjálfböðastarf – dreifbýli – vinnumarkaður

ABSTRACT: Rural Iceland is popular among foreign volunteers, who perform a variety of jobs in exchange for food and housing. Those who recruit volunteers are accused of breaching collective agreements and wage theft when volunteers work in economic activities or on farms. The article aims to answer the question: Promote voluntary work done by foreign or domestic volunteers, localities that participated in the project “Fragile Communities” or do they take jobs from people who would want to live there if there were job opportunities? Data was collected in four areas included in the project “Fragile Communities”. During the fall of 2022 and spring of 2023, about 30 people were interviewed, and advertisements

for volunteers were analysed. The interviewees agreed on respecting the labour market rules, independent of whether the volunteers were domestic or foreign. The context of voluntary work was seen as necessary and acceptable to disrespect principles of collective agreements, competition, and professional knowledge if it would benefit society. The idea of foreign volunteers taking paid jobs from local people was rejected. The interviewees agreed that voluntary work is vital to rural areas and a prerequisite for the communities.

KEYWORDS: voluntary work – rural areas – labour market

Inngangur

Í grein um íslenskar landsbyggðir og byggðafélagsfræði bendir Þóroddur Bjarnason (2019) á að atvinna við hæfi og góð laun séu mikilvæg lífsgæði sem spá fyrir um búsetuánægju, búsetufyrirætlanir og búferlaflutninga. Jafnframt gæti atvinnumissir leitt til búferlaflutninga frá svæðum þar sem atvinnulífið er einhæft og framboð sambærilegra starfa takmarkað. Aðgengi að menningu og afþreyingu, heilbrigðisþjónustu og verslun skipti einnig verulegu máli. Í skýrslu á vegum Byggðastofnunar frá árinu 2019 (Þóroddur Bjarnason o. fl., 2019) kemur fram að atvinnutækifæri séu mikilvægasta einstaka ástæða þess að fólk segist ætla að flytja búferlum. Í Byggðaaætlun fyrir árin 2018–2024 er lagt til að verkefnið Brothættar byggðir haldi áfram (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Markmið verkefnisins, sem hófst árið 2012, er að sporna við fólksfækkun og styrkja atvinnulífið í fámenum byggðarlögum með einhæft atvinnulíf. Mælst er til þess að íbúarnir hugleiddu framtíðarmöguleika heimabyggðarinnar og að leitað yrði lausna á þeirra forsendum (Brothættar byggðir, e.d.). Byggðaaætlun 2018–2024 lýsir stefnu ríkisins í byggðamálum, sem felur í sér að „jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf“ (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Með ofangreint í huga er markmið rannsóknarinnar sem fjallað er um hér að skoða viðhorf íbúa á svæðum sem hafa tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir til mögulegra áhrifa sjálfböðastarfa á atvinnumál og uppbyggingu svæðisins. Við leitumst við að svara spurningunni: Efla sjálfböðastörf, unnin af erlendum eða innlendum sjálfböðaliðum, byggðarlög sem tóku þátt í verkefninu Brothættar byggðir, eða taka þau störf frá fólki sem vildi búa í byggðalögunum ef atvinnutækifæri væru fyrir hendi? Við skoðum þetta m.a. í ljósi áherslna aðila vinnumarkaðarins um að banna skuli sjálfböðastörf sem skekki samkeppnisstöðu á vinnumarkaði og feli í sér launaþjófnað. Með sjálfböðastörfum er hér átt við þau störf sem eru unnin af erlendum eða innlendum einstaklingum, aðfluttum eða heimafólki, án þess að fyrir þau fái greitt samkvæmt kjarasamningum. Þessi skilgreining helgast af umfjöllun verkalýðshreyfingarinnar og skilningi þátttakenda.

Þegar fjallað er um sjálfböðaliða á vinnumarkaði er oftast en ekki vísað til erlendra sjálfböðaliða, sem hefur fjölgað mjög á Íslandi á undanförunum árum (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir o.fl., 2019). Þó reiða íslensk félagasamtök og heimamenn oft fram mikla sjálfböðavinnu í þágu nærsamfélagsins (Hrafnsdóttir og Kristmundsson, 2017; Steinunn Hrafnsdóttir, 2012; Steinunn Hrafnsdóttir o.fl., 2017). Með auknum fjölda erlends starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði, hafa aðilar vinnumarkaðarins varað við félagslegum undirboðum og launaþjófnaði, sem erlent láglaunafólk þykir einkum útsett fyrir. Aðilar vinnumarkaðarins hafa einnig fjallað um launaþjófnað í tengslum við sjálfböðavinnu, og gefið skýr fyrirmæli um að sjálfböðavinna við efnahagslega starfsemi og lögbýli standist ekki kjarasamninga. Bændur, ferðaþjónustuaðilar, sveitarfélög og aðrir sem hafa ráðið sjálfböðaliða í störf sem um gilda kjarasamningar hafa verið sakaðir um brot á kjarasamningum og frásagnir af illri meðferð hefur ratað í fréttir (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir o.fl., 2019). Á heimasíðu ASÍ er að finna eftirfarandi texta:

Gera verður skýran greinarmun á ólaunaðri vinnu í efnahagslegri starfsemi annars vegar og ólaunaðri samfélagslegri vinnu (sjálfböðavinnu) hins vegar. Ólaunuð vinna við efnahagslega starfsemi, framleiðslu og sölu á vöru eða þjónustu á markaði (í hagnaðarskyni) oft í samkeppni við fyrirtæki í sömu atvinnu-starfsemi, felur í sér óásættanleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði og stenst hvorki kjarasamninga né lög. Dæmi um efnahagslega starfsemi þar sem gjarnan finnst fólk í ólaunaðri vinnu skv. athugun ASÍ er fyrst og fremst við ýmiss konar ferðaþjónustu, nánar tiltekið vinnu á kaffi- og veitingahúsum, á gistiheimilum og hótélum, hestaleigum og við hellaskoðanir auk ýmiskonar blandaðra starfa á sveitabýlum og/eða við bændagistingu (ASI, e.d.).

ASI ítrekar að ólaunuð vinna við efnahagslega starfsemi þýði að atvinnurekendur sem nota hana hagnist á kostnað samneyslunnar og skapi sér samkeppnisforskot á markaði. Auk þess njóti einstaklingar sem eru í ólaunaðri vinnu ekki tryggingaverndar. Einarsdóttir og Rafnsdóttir (2020) benda á að skert samneysla og ósamngjarnt samkeppnisforskot geti haft þýðingu fyrir jaðarbyggðir en flest störf erlendra sjálfböðaliða eru einmitt í dreifbýli. Ekki er þó samkomulag um hvað teljist réttmætt sjálfböðastarf, sem veldur óryggi, einkum þeirra sem hafa áhuga á að ráða til sín sjálfböðaliða. Í yfirlýsingu frá Bændasamtökum Íslands og Starfsgreinasambandsinu árið 2017 er áréttað mikilvægi þess að sjálfböðaliðar gangi ekki í launuð störf en einnig er bent á að í landbúnaði sé löng hefð fyrir „vinnuframlagi vina og ættingja í mjög skamman tíma t.d. í göngum og réttum. Ekki eru gerðar athugasemdir við þau störf sjálfböðaliða enda byggi þau á langri venju og sátt hefur verið um“ (Bændablaðið 2017, 28.febrúar).

Hagnýt þekking rannsóknarinnar felst því í að skilja hvaða áhrif sjálfböðastörf geti haft á samfélög jaðarbyggða, en skv. skýrslunni „Byggðafesta og búferlaflutningar“ geta sjálfböðastörf verið ástæða flutninga úr dreifbýlinu (Byggðastofnun, 2021). Hvaða þýðingu hefur það fyrir Brothættar byggðir, sem einkennast af atvinnuleysi heimafólks, en jafnframt árstíðabundnum skorti á vinnuafli, að sjálfböðaliðar sinni þar störfum sem eru ekki launuð? Þannig veltum við fyrir okkur hvort sjálfböðaliðar styðji við jaðarbyggðir og taki þátt í verkefnum sem hefðu annars ekki verið framkvæmd, eða vinni gegn „heilbrigðari“ atvinnuuppbyggingu sem fer eftir reglum um kaup og kjör. Hér er áherslan á sjónarhorn heimafólks. Við höfum fjallað um hugmyndir og reynslu erlendu sjálfböðaliðanna annars staðar (Rafnsdóttir o.fl., 2020).

Staða þekkingar

Nokkuð hefur verið fjallað um áhrif erlendra sjálfböðaliða á nærsamfélög í fátækum löndum og oft bent á að sjálfböðaliðarnir hagnist mest, enda fá þeir uppfylltar eigin langanir í nýja lífsreynslu (Baumgarten, 2022; Wright, 2013). Oftast er um að ræða sjálfböðafaferðamennsku (e. *voluntourism*) en sú tegund ferðamennsku hefur aukist hvað hraðast í heiminum, þar sem ungt fólk ferðast og sér fyrir sér með sjálfböðavinnu gegn fríu fæði og húsnæði (Baumgarten, 2022). Þetta er einnig tilfellið á Íslandi. Erlend ungmenni sem koma til landsins sem sjálfböðaliðar virðast almennt líta á slíka vinnu sem ódýra og spennandi leið til að ferðast til landsins. Þau vinna margvísleg störf, að mestu ófag-lærð, en sem falla að jafnaði undir efnahagslega starfsemi. Stærsti hluti starfanna fer fram í dreifbýli (Rafnsdóttir o.fl., 2020; Guðbjörg Linda Rafnsdóttir o.fl., 2019). Ýmsar ástæður geta verið fyrir þessari þróun, svo sem aukið atvinnuleysi meðal ungs fólks í Evrópu (Powell, 2018; Rancew-Sikora og Skaptadóttir, 2016), aukin eftirspurn eftir sveigjanlegu vinnuafli (Deery og Jago, 2002) samhliða frelsisþrá ungs fólks og löngun þess til að kynnast nýjum stöðum og lífnaðarháttum (Dlaske, 2016; Lyons o.fl., 2012; McGloin og Georgeou, 2016; Wearing og McGehee, 2013). Mikilvægt er þó að hafa í huga að sjálfböðaliðar eru ekki eingöngu erlendir sjálfböðafaferðamenn sem flakka um heiminn, heldur einnig heimafólk sem sinnir sjálfböðavinnu í sinni eigin heimabyggð, ýmist fyrst og fremst sér til ánægju eða af skyldurækni.

Líkt og á Íslandi, þá er sjálfböðavinna heimafólks í Bandaríkjunum algengari í dreifbýli en í þéttbýli, enda þykja lítil samfélög líklegri til að styðja við sjálfböðastarf og virkja auðlindir nærsamfélagsins (e. *community resources*) en borgarsamfélög (Paarlberg o.fl., 2021). Samkvæmt Paarlberg og félögum er auðveldara að fá fólk til að sinna sjálfböðastörfum í heimabyggð, ef byggðin væri einsleit hvað íbúasamsetninguna varðar. Þeim er það því áhyggjuefni að dreifbýli víðast hvar í heiminum er að ganga í gegnum versnandi efnahag og lýðfræðilegar breytingar; hækkandi meðalaldur íbúanna, og minni einsleitni. Slík þróun geti breytt innbyrðis samskiptum íbúanna og getu þeirra eða áhuga á að sinna sjálfböðastörfum. Ólíkt þeirri umræðu sem mest hefur borið á hér á landi, þá telja þau að ástæða sé til að hafa áhyggjur af framtíð sjálfböðastarfa í dreifbýli, einkum í byggðarlögum sem hafa lítin aðgang að þjónustu hins opinbera og kalla eftir umræðu um leiðir til að halda uppi sjálfböðastörfum í dreifbýli.

Rannsóknir Qvist og félagar (2019) sýna að þátttaka í sjálfböðastarfi er mikil í Skandinavíu, einkum í Noregi og Svíþjóð og hafi jafnvel aukist á tímabilinu 1990–2010. Sjálfböðavinna á sér helst stað í íþróttastarfi og tómstundum, þó merkja megi aukningu í störfum sem tengjast velferðarmálum. Meiri sjálfböðavinnu í Noregi og Svíþjóð samanborið við Danmörku megi skýra með dreifðari byggðum fyrrnefndu landanna. Þrátt fyrir meira atvinnuleysi í Bandaríkjunum og í Skandinavíu en á Íslandi, þá nefna hvorki Paarlberg og félagar (2021) né Qvist og félagar (2019) möguleg neikvæð áhrif sjálfböðastarfa á vinnumarkaðinn og að slík störf geti grafið undan tækifærum fólks til þess að fá launaða vinnu og þar með veikt nærsamfélagið.

Fræðileg nálgun

Markmið greinarinnar er að skoða viðhorf íbúa á svæðum sem hafa tekið þátt í verkefninu Brot-hættar byggðir til mögulegra áhrifa sjálfböðastarfa á atvinnumál og uppbyggingu svæðisins. Það er áhugavert vegna áherslu stjórnvalda á atvinnuuppbyggingu á þessum svæðum, og þeirrar skoðunar aðila vinnumarkaðarins að sjálfböðastörf geti verið birtingarmynd launaþjófnaðar. Til að skilja ólík viðhorf viðmælenda og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins verður stuðst við tvær kenningar við greiningu gagnanna. Annars vegar kenningu um félagsleg samskipti (e. *social exchange theory*) og hins vegar átakakenningu (e. *conflict theory*). Þessar kenningar eru hvor um sig margþættar. Í greininni er fjallað um þann kjarna þeirra sem varpar ljósi á umfjöllun aðila vinnumarkaðsins um sjálfböðavinnu á Íslandi og viðbrögð viðmælenda okkar við henni.

Kenningin um félagsleg samskipti hefur á síðustu árum verið mikið notuð innan félagsvísinda og sálfræði þar sem hegðun einstaklinga á vinnustöðum er skoðuð (Cropanzano og Mitchell, 2005; Ahmand o. fl., 2023). Þótt sjálfböðastörf teljist ekki til hefðbundinna starfa á vinnumarkaði, getur kenningin varpað ljósi á slík störf (Hallmann og Zehrer, 2016). Rætur kenningarinnar má rekja til þriðja áratugs síðustu aldar, til mannfræðingsins Malinowski (1922), en var þróuð áfram af félagssálfræðingnum Homans (1958) og félagsfræðingnum Blau (1964). Kjarni kenningarinnar er að nær öll mannleg sambönd séu byggð á gagnkvæmni, sem felst í því að fólk sér hag í að gefa og þiggja. Svokölluð fórnar-nytjagreining (e. *cost-benefit analysis*) á sér stað, oftast óformlega, þegar einstaklingar leggja mat á fyrirhuguð samskipti og hvor aðili um sig metur gagnsemi samskiptanna. Ávinningurinn getur hvort sem er verið óhlutstæður (e. *abstract*) svo sem þegar um vináttu er að ræða, eða áþreifanlegur (e. *concret*), t.d. þjónusta, fæði eða húsaskjól. Mat á ávinningi er þó fremur af tilfinningalegum eða samfélagslegum toga en efnahagslegum (Ritzer og Stepnisky, 2014).

Átakakenningin fjallar um hagsmunaátök, ekki síst á vinnumarkaði, vegna tvískiptingu hans í atvinnurekendur sem kaupa vinnuframlag annarra og launþega sem selja vinnuframlag sitt. Kenningin er almennt rakin til skrifna Karls Marx og Friedrich Engels um stéttbaráttu við upphaf iðnvæðingar og tilhneigingu atvinnurekenda til að arðræna launþega (Edgell, 2012; Marx og Engles, 1972). Kenningin hefur þróast í takt við breytta tíma og hin síðari ár hefur sjónum ekki síst verið beint að slæmri stöðu ungs fólks á vestrænum vinnumarkaði, sem stendur frammi fyrir miklu atvinnuleysi, óstöðugleika og óöryggri vinnu (Kalleberg, 2018). Samkeppni um störf hefur aukist í

takt við aukna alþjóðavæðingu vinnunnar (Stuth og Jahn, 2019), veikingar verkalýðshreyfingarinnar (Refslund, 2012) og svokallaðs deiliahagkerfis, þar sem störf eru auglýst á deilisiðum á borð við „HelpX“ og „Workaway“. Samtímis hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á aukinn sveigjanleika í fyrirtækjarekstri, ásamt samþjöppun fjármagns og fyrirtækja (Refslund, 2012; Skedinger, 2009). Afleiðingin er sú að fyrirtæki ráða í auknum mæli til sín starfsfólk sem fær greitt langt undir um-sömdu lágmarkslaunum. Þetta á m.a. við um lítt eða ekki launaða starfsnema og sjálfböðaliða (ASÍ, e.d.; Unnur Dís Skaptadóttir og Anna Wojtyńska, 2019).

Aðferðir og gögn

Flest viðtölin voru tekin í september 2022 þegar þau fjögur byggðarlög sem völdust til þátttöku í rannsókninni voru heimsótt, en öll hafa þau tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir. Nokkur viðtöl voru tekin í október 2022 og apríl–maí 2023 við fulltrúa byggðakjarnanna sem ekki náðist í á staðnum, sem og við fulltrúa Vinnueftirlitsins og verkalýðshreyfingarinnar. Alls voru þetta um 30 viðtöl. Viðmælendur voru einstaklingar sem voru virkir í sjálfböðastarfi, höfðu þekkingu á viðfangsefninu eða höfðu ráðið til sín sjálfböðaliða í vinnu. Viðtölin voru ýmist hljóðrituð eða skráð en þau voru á bilinu 30–120 mínútur að lengd. Stuðst var við aðlagða grundaða kenningu (e. *grounded theory*) að hætti Crang og Cook (2007, bls. 134–146). Gert er ráð fyrir að gögnin helgist að miklu leyti af rannsóknarspurningum, en geti samtímis falið í sér áhugaverðar niðurstöður sem falli í fljótu bragði ekki beint undir þær. Gögnin voru lesin vandlega áður en þau voru greind með opinni kóðuð í Atlas.ti, sem flokkar samtímis viðeigandi texta undir þemun. Hafa ber í huga að hluti textans getur fallið undir fleiri en einn kóða. Viðeigandi texti hvers þema er svo endurflokkaður og tengd þemu sameinuð undir yfirþema. Þemu sem spanna umfangsmikinn texta eru endurkóðuð. Þess var gætt að halda ávallt til haga hver sagði hvað og í hvaða samhengi.

Viðtöl við fulltrúa verkalýðsfélaga, sem hafa ekki aðsetur í viðkomandi byggðarlögum, sýna að það er ekki auðvelt að afla upplýsinga um brot gegn einstaka sjálfböðaliðum og tilkynningar um að sjálfböðaliðar hafi gengið í störf launafólks. Slíkar upplýsingar virðast ekki vera skráðar miðlægt með samræmdum hætti. Við fengum þó upplýsingar um að ein ábending hefði borist um sjálfböðaliða sem gekk í störf launafólks í þeim byggðum sem við heimsóttum.

Auk viðtalanna hafa höfundar greint heimasíður Workaway og HelpX á árunum 2017–2023, þar sem auglýst er eftir sjálfböðaliðum til Íslands. Einungis verður að litlu leyti fjallað um þá greiningu hér. Fleiri samtök augslýsa eftir sjálfböðaliðum, auk þess sem upplýsingar um sjálfböðastörf í boði er að finna á sjálfsprottnum síðum á samfélagsmiðlum. Þá fer ráðning sjálfböðaliða einnig fram í gegnum fyrri sjálfböðaliða, vina og fjölskyldutengsl.

Niðurstöður

Niðurstöðurnar leitast við að lýsa viðhorfum heimafólks í þeim byggðarlögum sem voru heimsótt, reynslu þeirra og hugmyndum um sjálfböðavinnu, hvort heldur hún er unnin af erlendum sjálfböðaliðum eða heimafólki. Fyrst gerum við grein fyrir ástæðum þess að heimafólk ræður til sín erlendra sjálfböðaliða, hugmyndum þess um ásetning sjálfböðaliðanna og reynslu þeirra. Þá fjöllum við um ástæður og reynslu heimafólks af því að taka þátt í sjálfböðastarfi í heimabyggð. Í kynningu á hugmyndum heimafólks um réttmæti sjálfböðavinnu er tekið mið af gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar á störf erlenda sjálfböðaliða, en umræðan nær einnig til sjálfböðavinnu heimafólks. Loks eru tveir undirkaflar sem fjalla um mögulegt arðrán, mikilvægi sjálfböðavinnunnar og áhrif hennar á afkomu byggðanna sem voru heimsóttar.

Erlendir sjálfböðaliðar

Helstu ástæður þess að viðmælendur auglýstu eftir erlendum sjálfböðaliðum voru mikið vinnuálag, forvitni og skortur á félagsskap. Bóndi gaf eftirfarandi svar: „Ég sá bara að ég komst ekki yfir verkefnið ... lífið var heldur snúið og var að fara inn í smalamennskutímabilið.“ Niðurstaðan var

að auglýsa eftir sjálfboðaliða, og fyrr en varði voru tveir komnir á bæinn og það „[b]jargaði lífinu.“ Annar viðmælandi ákvað að prufa að auglýsa fyrir forvitnis sakir eftir að hafa heyrt að erlendir sjálfboðaliðar væru áhugavert fólk sem kæmi aftur og aftur. Ung kona með lítið barn auglýsti eftir sjálfboðaliða þar sem hana „vantaði félagsskap.“ Makinn vann mikið utan byggðar og hún var mest ein heima alla virka daga vikunnar.

Það reyndust þó vera fleiri leiðir en auglýsing á þar til gerðum heimasíðum sem leiddi til þess að heimamenn voru komnir með sjálfboðaliða. Fjöldi nethópa fólks með sameiginlega reynslu miðlar upplýsingum um sjálfboðastörf. Erlend kona hafði spurt hvort hún mætti koma og vinna á sveitabæ og það var auðsótt mál. Í framhaldinu var leitað að stað fyrir vinkonu hennar. Það er bankað á dyrnar eða send skilaboð. Viðmælandi sagði: „Skemmtilegt fólk hefur samband.“ Annar viðmælandi, sem rekur gistiheimili, nefndi dæmi um ungt par á ferðalagi sem keyptu gistingu. Við brottför sögðu þau viðkomandi að þeim langaði að dvelja einn mánuð sem sjálfboðaliðar í sveit. Þau voru því sjálfboðaliðar í eina viku hjá viðmælandanum sem síðan tókst að redda þeim sjálfboðavinnu á sveitaheimili.

Reynsla viðmælanda af sjálfboðaliðum var almennt góð. Erlendir sjálfboðaliðar leituðu eftir náttúruupplifunum, ævintýrum, nýrri lífsreynslu og þekkingu eða eins og einn orðaði það: „Þau sækja í upplifun, tengsl við náttúruna, vilja ganga út og beint í fjallið.“ En vissulega er ráðning þeirra “happdrætti” og sumir voru óheppnir. Einn viðmælanda lýsti fyrsta sjálfboðaliðanum sem „hreint helvíti, 25 ára, í rugli ... og ég kominn með fullorðinn vandræðaungling inn á heimilið.“ Stúlkan „sat úti í garði og reykti hass.“ Viðkomandi hefur síðan haft marga sjálfboðaliða og verið heppinn með alla hina: „Yfirleitt er þetta bara dásamlegt fólk.“ Tveir viðmælanda höfðu sjálfir farið erlendis í ævintýraleit og nefndu eigin börn eða aðra nákomna sem höfðu gert slíkt hið sama. Það væri sjálfgefið að veita öðrum slík tækifæri.

Það eru ekki eingöngu einstaklingar sem ráða til sín erlenda sjálfboðaliða. Það gera einnig sveitarfélög og stofnanir. Þannig höfðu hópar erlendra sjálfboðaliða unnið í öllum byggðunum sem voru heimsóttar, ýmist á vegum samtaka eða opinberra stofnana, sem báru ábyrgð á skipulagi sjálfboðavinnunnar. Skógrættarfélag er til dæmis með hópa erlendra sjálfboðaliða, SEEDS skipuleggur hópa erlendra ungmenna til þess að m.a. tína rusl, laga stíga, vinna að menningartendum verkefnum. Þá má nefna Veraldarvini, sem hafa sinnt sjálfboðastarfi einkum við að hreinsa fjörur og leggja stíga.

Sjálfboðavinna heimafólks

Sjálfboðaliðar í „Brotthættum byggðum“ eru ekki einungis erlend ungmenni, heldur sinnir heimafólk ýmiss konar sjálfboðastarfi í eigin byggð. Ástæður þess reyndust ýmist vera löngun til að láta gott af sér leiða, vinna að mikilvægum málefnum, að fá félagsskap og að hafa það skemmtilegt. Sjálfboðastarf getur þó samtímis verið kvöð. Viðmælandi sagði: „Maður hefur áhuga, finnst það gaman og mikilvægt, en fær ekki borgað, það er ekki alltaf það sem skiptir máli. Stundum þegar byrjað er að borga eyðileggur það ánægjuna. Um leið og er borgað kemur til annar hvati.“ Annar benti á að ef allt væri borgað þá hyrfi hvatinn: „Já, en mig vantar ekki aukavinnu, en þú vilt kannski hjálpa.“ Viðmælandur sem höfðu tekið til sín sjálfboðaliða reyndust gjarnan vera virkir í sjálfboðastarfi í heimabyggð. Einn þeirra hafði gengið í björgunarsveitna vegna ævintýramennsku. Þrjár aðfluttar konur völdu að taka þátt í sjálfboðastarfi til að kynna fólk og verða virkir þátttakendur í samfélaginu.

Það er breytilegt eftir byggðum hvaða félög annast sjálfboðavinnu vegna ástíðabundinna skemmtana, menningararburða, keppnismóta, 17. júní hátíðarhalda, dagskrá sjómannaðagsins, jólaskemmtana, hreinsana og annars starfs. Kvenfélag, hrútadagsnefnd, þorrablótsnefnd, slysavarnardeild, hestamannafélag, ungmennafélag og foreldrafélag annast þessa viðburði, auk annarra verkefna. Þetta eru allt sjálfboðafélög sem þurfa að sinna fjáröflun. Skógrættarfélag hafa verið rekin af sjálfboðaliðum, sem og Rauði krossinn. Sveitarfélögin standa einnig að sjálfboðavinnu, beint og óbeint. Viðmælandi rifjaði upp alla þá sem væru á „samviskuvaktinni“ svokölluðu, þ.e. slökkviliðið, sjúkra-

flutningarfólkið og bráðaliðana en það eru sveitarfélögin sem bera ábyrgð á vinnu þeirra. Það er oftast eingöngu greitt fyrir útköll og æfingar.

Listinn er langur yfir öll verkefni sem kvenfélagskonur hafa unnið að í þágu samfélagsins í þessum fjórum byggðum sem voru heimsóttar. Sum kvenfélögin reyndust vera í lægð, þar sem ungar konur vilja ekki vera með – þeim finnst hugsunarhátturinn of gamaldags, að ætlast sé til of mikils og ekkert sé gert fyrir meðlimina. Meðal viðmælenda voru konur sem völdu að vera ekki í kvenfélaginu, en hjálpa þó til við bakstur og annað þegar þarf. Bent var á að erfitt hafi reynst af ýmsum ástæðum að fá erlent innflutt fólk á svæðunum til að taka þátt í sjálfböðastarfi. Eldri kona rifjaði upp fyrri tíma þegar kvenfélagið tók að sér að hreinsa bæinn: „Í dag myndi fólk ekki láta bjóða sér þetta nema fá sjálft greitt. ... þannig að sjálfböðastörfin eru rosalega mikið að minnka.“ Kona á miðjum aldri valdi að vera utan kvenfélagsins „því ég er komin með upp í kok af sjálfböðavinnu. ... [kvenfélagskonur] gera ekkert fyrir sig sjálfar. Þetta er algjör kvöð.“

Þrátt fyrir jákvætt mat á sjálfböðastarfi, eins og fram kemur hér á eftir, voru það fleiri en kvenfélagskonur sem nefndu að það gæti verið íþyngjandi. Það væri til dæmis fámennur hópur sem ræki björgunarsveitirnar á hverjum stað, og stundum „hlaðast upp verkefni hjá atvinnurekendum lítilla fyrirtækja vegna útkalla.“ Björgunarsveitarmaður nefndi að meðal verkefna væru „fastir bílar og vitleysisgangur“ sem þurfti að sinna, allt í sjálfböðavinnu. Viðmælandi benti á að „allt þetta fólk [sem sinnir sjálfböðavinnu] er upptekið“. Það væri lítill hópur fólks sem tæki að sér að reka hin ýmsu félög sem væru starfandi á svæðinu. Annar viðmælandi benti á að „ef þú gefur þig í það að vinna kauplaust í svona smáum byggðarlögum, þá verður þetta endalaus kvöð.“ Erfitt reyndist að virkja erlent aðkomufólk sem fer inn á hefðbundinn vinnumarkað og þiggur laun. Ástæðan væri oft að það kemur í byggðina í stuttan tíma til þess að vinna mikið og afla tekna.

Viðmælandur fullyrtu að enginn flytti úr heimabyggð til að losna undan því að vinna kauplaust jafnvel þótt það væri ákveðin kvöð að sinna sjálfböðavinnu. Einn viðmælandi viðurkenndi að „ef þú varst virkur og vilt hætta er það ekki létt“ og bætti við: „Ef þú opnar munninn ertu komin í stjórn. ... Skil stundum ekki hvað rekur mann áfram.“ Viðmælandi sem sinnir annarri vinnu samhliða búskap og er mjög virk í sjálfböðastarfi „þekkir sig í að vera kona sem vinnur um of ókeypis.“ En sumir gera aldrei neitt.

Réttmæti sjálfböðavinnu

Margir viðmælenda voru meðvitaðir um að aðilar vinnumarkaðarins, þar á meðal Bændasamtökin og Starfsgreinasambands Íslands, hefðu gefið út yfirlýsingu um að það væri „andstætt kjarasamningum og meginreglum á vinnumarkaði að sjálfböðaliðar gangi í almenn störf launafólks í efnahagslegri starfsemi fyrirtækja og lögbýla“ (Bændablaðið, 2017). Þeir voru sammála ákveðnum atriðum yfirlýsingarinnar, í vafa um annað og ósammála sumu.

Samkeppni á vinnumarkaði

Viðmælandur voru að mestu sammála um að sjálfböðaliðar skyldu ekki sinna störfum á hótélum og gistiheimilum, í veitingarekstri og við hestaleigur. „Fólk myndi líta það hornauga vegna þess að það væri ósanngjarnt gagnvart hinum með kaffihús og fólkinu sem ynni kauplaust, skiptir engu hvort það sé innlent eða erlent fólk“, útskýrði einn viðmælandi. Bent var á að það væri kannski í lagi að nota sjálfböðaliða í uppbyggingarfasa nýrrar starfsemi, t.d. í ferðapjónustu, enda væri það samfélaginu til heilla ef lágmarks þjónusta við ferðamenn væri til staðar. Þegar fjárhagslegan grundvöll skorti ynnu frumkvöðlar og fjölskludumeðlimir gjarnan launalaust við uppbygginguna, og þá mætti hugsa sér aðkomu sjálfböðaliða.

Sumir þekktu til þess að erlendir sjálfböðaliðar ynnu við ferðapjónustu og töldu það misnóktun vinnuafis. Aðili með ferðapjónustu og erlenda sjálfböðaliða sagðist borga samkvæmt kjarasamningum þegar sjálfböðaliði ynni við ferðapjónustuna, sem væri þó sjaldgæft. Aðilinn undirstrikaði: „Ég rek ekki fyrirtækið á sjálfböðaliðum.“ Annar viðmælandi þekkti til bónda sem var með búrekstur og

ferðapjónustu, en hann borgaði samkvæmt kjarasamningum ef sjálfboðaliði sinnti ferðapjónustunni. Viðmælendur voru margir meðvitaðir um ásókn í að verða sjálfboðaliði á hestaleigum og einn benti á að hestaleigur „pukrist“ með sjálfboðaliða.

Viðmælendur voru nokkuð sammála því að sjálfboðaliðar ættu ekki að ganga í störf faglærðra svo sem iðnaðarmanna, en á því reyndust þó vera undantekningar. Löggiltur smiður vann t.d. kauplaust að viðhaldi húsnæðis sem átti að nota í þágu samfélagsins, hjálpaði granna við endurbyggingu eftir bruna og notaði fagþekkingu sína til að afla fjár fyrir sjálfboðasamtök í sinni heimabyggð. Bent var á gamla hefð til sveita að hjálpast að við byggingarvinnu og voru nefnd dæmi um að slík aðstoð tíðkaðist enn.

Þegar rætt var um hvort það væri ásættanlegt að sjálfboðaliðar sinntu störfum sem féllu undir efnahagslega starfsemi, upplýsti einn viðmælanda sem starfaði í heilbrigðisgeiranum að það væru byggðir án útfararstofu og að sækja þjónustuna langt að kostaði talsvert. Viðkomandi kistulagði því einstaka sinnum „og svo vantaði prestinn aðstoð í kapellunni – og þá var ég orðin sjálfboðaliði Þjóðkirkjunnar.“ Viðkomandi fannst varla hægt að amast út í þessa greiðasemi: „Þetta bindur okkur saman, það eru ekki hundrað manns að deyja.“

Vafasöm fjármögnun

Viðmælendur voru almennt sammála um að það væri enginn munur á því hvort innlendir eða erlendir sjálfboðaliðar gengju í störf launafólks og skekktu þannig samkeppni á vinnumarkaði. Mörgum þótti þó í lagi að hin ýmsu félög byggðarinnar sinntu störfum, sem mætti flokka sem störf á vinnumarkaði, ef það væri gert til fjáröflunar góðra mála. Kvenfélagskonur í tveimur af þeim byggðum sem voru heimsóttar hafa varast að taka að sér veitingarekstur eða bakstur í sjálfboðavinnu eftir að veitingafolk og bakarar komu í byggðina. Það gerðist þó að heimafolk og aðrir vildu „gamaldagskökur“ frekar en bakararkökur. Það má því ætla að í slíkum tilfellum veiti kvenfélögin þjónustu sem bakaríð veitir ekki, þótt strangt til tekið sé verið að ganga í störf sem falla undir fagþekkingu og efnahagslega starfsemi.

Það þótti almennt óásættanlegt að kalla á björgunarsveitir til að gæta „misvitra ferðalanga“ við eldgosin á Reykjanesinu. Björgunarsveitarmaður upplýsti að sveit hans hefði aflað sér góðra tekna fyrir vaktir á svæðinu, en erfitt væri að vera frá vinnu til lengri tíma. Vinna björgunarsveita að öryggismálum, t.d. vegna vélhjólakeppni, aðstoð við kvikmyndatökur, lokanir vega og önnur varsla fyrir lögregluna þótti sumum vafasöm fjáröflun. Dyravarsla á skemmtunum í fjáröflunarskyni væri í lagi, enda „vill það enginn.“ Dæmi eru um að björgunarsveitir veiti dráttarþjónustu til fjáröflunar en þá verður sá sem selur slíka þjónustu án viðskipta.

Yrði annars ekki gert

Margir nefndu að það væri í lagi að sjálfboðaliðar, innlendir jafnt sem erlendir, sinntu verkefnum sem væru samfélaginu til góða en yrðu annars ekki framkvæmd. Það ætti við um störf sem enginn myndi greiða laun fyrir. Hér voru nefnd störf við viðhald og uppbyggingu menningarverðmæta og umhverfistengda starfsemi, skógrækt og hreinsanir af ýmsum toga.

Dæmi voru um að sjálfboðaliðar hefðu unnið að varðveislu menningarminja og uppbyggingu safna í byggðunum. Heimafolk undirstrikaði að án sjálfboðavinnu hefði menningararfur farið forgörðum og að ekkert hefði orðið að opnun safna. Þessi verkefni falla undir starfsemi þar sem viðmælendum þykir sjálfsagt að styðjast við vinnu sjálfboðaliða. Styrkir sem höfðu fengist voru nýttir til að greiða fyrir sérhæfðari vinnu og efniskostnað. Viðmælandi í mennignarstjórnun gagnrýndi þó það sjónarmið að sjálfboðavinna væri sjálfsögð innan menningargeirans, þar sem í því fælist að menningarmál væru nokkurs konar tólmstundagaman.

Landbúnaður og heimilisstörf

Þeir viðmælendur sem eru ekki bændur skiptust í tvo hópa þegar spurt var hvort það væri í lagi að bændur hefðu sjálfböðaliða. Annar hópurinn var tvístígandi og hafði fyrirvara. „En já, ungt fólk ætti að hafa kost á að vinna við þetta ef því langar. Tvístígandi þó“, svaraði viðmælandi sem þekkti vel til stöðu landbúnaðar. „Mér finnst ekki rétt að vinna lengi í sveit kauplaust, kannski fjórar vikur, en ekki moka skít endalaust“, sagði annar. Sá þriðji var hikandi: „Já, verkalýðshreyfingin hefur rétt að vissu leyti, en hafa líka farið offorsi. Það er munur að vinna á gistiheimili eða í dútli með bónda 4–5 tíma á dag og oft ekkert, og færð bílinn lánaðan [nefnir dæmi um slíkt]. Þarf þó að passa upp á þetta. Ég er beggja blands.“ Nokkrir svöruðu afgerandi að þeim fyndist það ekki brot á kjarasamningum að bændur hefðu sjálfböðaliða. Einn viðmælandi sagði: „Fólk getur kannski verið í þessu og finnst það í lagi til að ferðast“, og bætti við: „Hjá sumum er þetta kannski lífsstill, held ekki sé hægt að banna þeim að vinna launalaust.“

Margir viðmælenda töluðu um heimilisaðstoð og landbúnaðarstörf eins og vinnu sem falli utan almenns vinnumarkaðar: „Gleymist að bændur reka fyrirtæki ... allir sem eitthvað vita segja að sauðfjárbúskapur borgi sig ekki nema hafa þúsund kindur.“ Fjárhagsstaða sauðfjárbúa væri erfið. Augljóst væri að það verða ekki til ný störf þótt bændur hafi ekki sjálfböðaliða. Einn bóndi ítrekaði: „Þetta er lífsstíll ... hef ekki einu sinni laun fyrir sjálfa mig.“ Bóndinn sagðist alltaf upplýsa sjálfböðaliðana um að „það verða langir dagar en svo fáíð þið frí á móti, að ég lánaði þeim bílinn og kæmi þeim í tengsl við fólk hringinn í kringum landið. ... Ég er viljug til að gera ýmislegt fyrir fólk sem er viljugt að hjálpa mér.“ Þessi bóndi þarf ekki að auglýsa lengur eftir sjálfböðaliðum, því það er alltaf einhver þeirra sem vill koma aftur.

Fyrirverandi bóndi taldi samhjálp bænda viðgangast ennþá, „en fólk er svo fátt í sveitunum. Fjölskylda og vinir eiga erfitt með að vera í burtu frá vinnu í lengri tíma, eða hafa fjarlægst búskapinn og það eru fá börn í sveit nú til dags.“ Fækkun sauðfjárbúa getur aukið vinnuálag þeirra sem eftir eru eins og einn bóndinn benti á: „[Það] þarf að smala sama svæði og áður þótt nágrennið bregði búi.“ Sumir bentu á að sjálfböðaliðarnir ynnu óbeint gegn fólksfækkun til sveita á tímum þegar fólksfækkun væri mikil og skortur á vinnuafli á álagstímum.

Auglýsingum eftir sjálfböðaliðum til Íslands hefur fækkað á undanförunum árum. Ætla má að það sé vegna ásakana um að það sé launþjófnaður af hafa sjálfböðaliða í efnahgslægri starfsemi. Viðmælandi sem hjálpaði vini sínum að auglýsa eftir sjálfböðaliða sagði: „Ég ráðlagði honum að biðja bara um aðstoð við heimilishald, ekki landbúnaðinn, vegna umræðunnar um launþjófnað.“ Þessi ábending passar við niðurstöður greininga höfunda á auglýsingum frá HelpX og Workaway, sem sýnir fækkun í beiðnum um vinnu við sveitastörf og fjölgun eftir aðstoð við barnapössun, en algengast er að beiðid sé um aðstoð við heimilisstörf. Einnig eru dæmi um að bændur taki fram í auglýsingunum að ekki sé beiðid um aðstoð við búskapinn, bara heimilishald og barnapössun.

Arðrán, gagnkvæmur greiði og samhjálp

Viðmælendum var tíðrætt um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til erlendra sjálfböðaliða og þótti hún á köflum harkaleg. Þótt reynslan af sjálfböðaliðum væri almennt góð, þá væri fólk hikandi að auglýsa eftir þeim vegna umræðunnar. Einn viðmælandi setti auglýsingu á Workaway, „langaði að prufa“, en það liðu ekki margir dagar „og komið bréf frá ASÍ.“ Viðmælandi lét kyrrt liggja, „vildi ekki gera neitt óþægilegt.“ Verkalýðshreyfingin vaktar samkvæmt þessu tiltekna sjálfböðaliðasíður og bendir auglýsendum á að um viðkomandi störf gildi kjarasamningar.

Þegar spurt var hvort erlendir sjálfböðaliðar væru arðrændir útilokuðu tveir viðmælendur, báðir tengdir verkalýðsmálum, það ekki. Báðir höfðu þó mestar áhyggjur af aðbúnaði erlends verkafólks í byggðinni, en það væri ráðið til skamms tíma í gegnum starfsmannaleigur og óvíst hvort kjör þess stæðust kjarasamninga. Viðmælandi sem rekur fyrirtæki svaraði að það væru svartir sauðir í öllum atvinnuvegum. Annar sagði: „Ég ætla ekki að segja að aldrei sé arðrán“, það væri fólk sem hefði hætt

að taka sjálfboðaliða vegna ásakanna: „Skil að menn séu hikandi, umræðan var eins og bændur væru í þrælahaldi.“ Sumir bentu á að setja þyrfti skýrari ramma um sjálfboðaliða, vinnutíma og lengd tímabils, en „það er alltaf einhver sem misnotar stöðuna.“

Viðmælandi taldi að þar sem ekki væri skrifað undir samning gætu sjálfboðaliðar „labbað út þegar þeir vilja.“ Hjá honum hafði enginn farið en sumir hefðu beðið um framlengingu og aðrir komið aftur. Annar viðmælandi ítrekaði það sama og lagði áherslu á viðvarandi vinskapa milli heimilisfólks og sjálfboðaliða. Dæmi voru um að fjölskyldan hafi heimsótt fjölskyldu sjálfboðaliðans, m.a. í brúðkaupsferð. Eins kom fyrir að sjálfboðaliðar kæmu í heimsókn ásamt fjölskyldu, jafnvel í bónorðsferð. Viðmælandi undirstrikaði að „þessir krakkar eru reyndar ekki bara krakkar ... þau mynda heilt samfélag, hitta hina sjálfboðaliðana.“ Sjálfboðaliðarnir bæru saman aðstæður sínar og redduðu nýjum stað þegar þau væru ósátt. Viðkomandi hafði tekið til sín tvo sjálfboðaliða sem voru ósáttir við dvöl sína hjá öðrum og nefndi að „sú fyrsta [sem kom til hennar] flúði reyndar hótelvinnu.“

Þegar spurt var hvort sjálfboðaliðar væru arðrændir svaraði einn viðmælenda: „Þetta er ekki það sem þau [sjálfboðaliðarnir] segja mér, þetta er ódýrasta leiðin til að ferðast um heiminn.“ Hann sagðist meðvitaður um að „þetta er misnotað eins og annað“ og nefndi langar vaktir á hótelum: „Já, þau eru flest matvinnungar og sum eru hörkudugleg. Þau koma til að læra og ekki hægt að ætlast til að þau kunni allt. ... Myndi aldrei borga, hef ekki efni á því en ef ég borgaði myndi ég ætlast til meiri vinnu.“ Viðmælandinn ítrekaði: „Ég geri margt með sjálfboðaliðunum, fer í leikhús og ferðir og fleira, er ekki bara vinna. Það er gaman“. Viðmælandi, sem hafði tekið nokkra erlenda sjálfboðaliða, sagði að það ætti ekki að leggja „þetta upp sem reiknisdæmi. Þú kynnist þeim, þau þér og þú græðir alltaf en kannski ekki peninga, mátt ekki hafa þær væntingar.“ Það fylgdi vissulega kostnaður að hafa sjálfboðaliða, fæði, húsnæði og afþreying, viðkomandi hefði lánað bíla og tveir þeirra höfðu bílað í höndum sjálfboðaliða.

Nokkrir viðmælendur kvörtuðu undan því að það mætti ekki hjálpa lengur, allt gengi kaupum og sölum, líka vinnan. Við lifðum í kapitalísku hagkerfi þar sem aðeins væri leyfilegt að borga með pening – ekki gagnkvæmum greiða, mat, húsnæði, ferðalögum, eða öðru: „Nú er bann lagt á hjálpsami. Sorgleg þróun fyrir hjálpfúst fólk.“

Afkoma byggðarinnar og sjálfboðavinna

Það er almenn samstaða um að íbúafundir vegna þátttöku í verkefninu Brothættar byggðir hefðu verið góðir. Fyrsta hugsunin hefði þó verið: „Á nú að finna eitthvað nýtt og sniðugt fyrir okkur.“ Þátttakan var almenn og einkenndist af samheldni og mikilvægri hugmyndavinnu. Þó varð minna úr framkvæmdum en áform voru um að mati viðmælenda, en þó sett af stað áhugaverð verkefni. Sum ganga vel en önnur ekki. Gagnrýnt var að of lítill peningur hefði verið ætlaður til verkefnisins og til of skamms tíma, og að útgerðir fengju kvóta en ekki smábátarnir. Bent var á að nemendum fækkaði jafnvel þar sem íbúafjöldinn hefði aukist, einkum þá vegna erlendra starfmannanna sem koma og fara. Mörgum fannst byggðin sín afskekkt og afskipt og stundum í auknum mæli við sameiningu sveitarfélaga: „Við verðum að standa eins og vargur og standa vörð um það sem okkur ber.“ Það væri áskorun að halda í verslun og aðra þjónustu, t.d. heilsugæslu. Það vantaði mannskap, húsnæði og fjölbreyttari störf.

Fólk úr öllum byggðunum sem heimsóttar voru lögðu áherslu á að sjálfboðavinna heimafólks væri gríðarlega mikilvæg fyrir samfélagsleg verkefni og framkvæmd mikilvægra viðburða sem oft væru árstíðabundnir. Án sjálfboðavinnu væru engir menningarviðburðir, skemmtanir né aðrar uppkomur. Einn viðmælandi sagði: „Vinnuframlag okkar auðgar mannlífið.“ Sjálfboðavinna kvenfélaga einkenndist t.d. af vinnu að „góðum málefnum sem við samþykkjum sjálfar og hagnaður fer í eitthvað fyrir samfélagið.“ Svörin við spurningunni um hvers virði sjálfboðavinna væri fyrir viðkomandi byggð voru mörg. Bent var á að verkefnin væru mikilvæg, þau glæddu menninguna og væru í raun hjartslátturinn í samfélaginu: „Er kjötið utaná beinunum“; „Samfélagið væri fátækara, það skiptir máli í dreifðum byggðum að standa saman“; „Er sálin í bæjarlífinu“; „Ekki bara það sem gert er

heldur líka félagsskapurinn“; „Án sjálfböðavinnu væri ekkert samfélag hér.“; „Án sjálfböðastarfs væri ekki búandi hér“; og „Samfélag án samhjálpunar myndi liðast í sundur.“

Hugmyndin um að sjálfböðavinna gæti unnið gegn efnahagslegri velsæld eða skaðað atvinnulíf og virtist viðmælendum framandi. Einn komst þannig að orði: „Sjálfböðavinna hefur ekki gert neitt slæmt fyrir byggðarlagið, einungis gott. Sjálfböðaliðar vinna að góðum málefnum sem við samþykkjum að unnin séu og hagnaðurinn fer beint inn í samfélagið. Verður hluti af okkar hagkerfi.“ Viðmælendur töldu að erlendu sjálfböðaliðarnir ynnu einnig með brothættum byggðum, t.d. á álagstímum, öllum til góða. Viðmælandi sem hafði unnið um tíma við nýráðningar á hótélum úti á landi lýsti erfiðleikum við að ráða þangað fólk í launuð störf, hvað þá í afskekktustu byggðirnar. Í öllum byggðunum sem heimsóttar voru var kvartað undan skorti á mannafla til að sinna ferðaþjónustu, fiskvinnslu og öðrum verkefnum. Sumum þótti hugmyndin að erlendir sjálfböðaliðar tækju störf frá heimafólki grátbrosleg.

Umræður

Við spurðum í upphafi hvort sjálfböðastörf í byggðarlögum sem hefðu tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir efldu byggðarlögin, eða tækju launuð störf frá fólki sem vildi búa þar ef atvinnutækifæri væru fyrir hendi. Hér er bæði átt við störf unnin af erlendum og innlendum sjálfböðaliðum. Það er mikilvæg spurning í ljósi þess að atvinnulíf og góð laun eru grundvallar lífsgæði sem m.a. spá fyrir um búsetufyrirætlunir og búsetuánægju (Þóroddur Bjarnason, 2019). Byggðaaætlun 2018–2024, sem felur í sér stefnu ríkisins, ítrekar mikilvægi jafnra tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Í byggðaaætlun er jafnframt hvatt til þess að íbúarnir hugleiði framtíðarmöguleika heimabyggðarinnar og að leitað verði lausna á þeirra forsendum (Brothættar byggðir, e.d.). Í þeim anda, sem jafnframt skapar rannókninni sérstöðu, varpar greinin ljósi á viðhorf íbúa þessara byggða til sjálfböðastarfs, en fyrri rannsóknir hafa fremur beint sjónum sínum að viðhorfum sjálfböðaliðanna sjálfra. Rannsóknin er því innlegg í þá umræðu sem byggðaaætlun kallar eftir, þar sem hún gefur íbúum Brothættra byggða rödd.

Hér á landi hafa aðilar vinnuamarkaðarins nálgast störf erlendu sjálfböðaliðanna í anda áttakenninga (sjá t.d. Edgell, 2012). Það sem fyrir þeim vakir er að ekki sé stundaður launaþjónaður, að farið sé eftir settum reglum um kjarasamninga, að samkeppnishæfni fyrirtækja raskist ekki og sjálfböðavinna dragi ekki úr framboði á launaðri vinnu. Allt eru þetta mikilvægir þættir sem kallast á við áherslur stjórnvalda um að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Ýmsar leiðir hafa verið farnar af hálfu verkalýðshreyfingarinnar til að koma þessum boðskap á framfæri og málum í æskilegan farveg. Yfirlýsingar hafa verið samþykktar, umfjöllun átt sér stað í fjölmiðlum, vinnustaðir verið heimsóttir, heimasíður vaktaðar og mál rekið í dómstólum. Aðgerðirnar hafa borið vissan árangur. Auglýsingum eftir erlendum sjálfböðaliðum hefur fækkað og tegundir starfa sem auglýst er eftir breyst. Dómsmálið tapaðist þó með þeirri röksemdarfærslu að ekki hefði verið „vinnuréttarsamband“ við sjálfböðaliðana, ekki verið „ásetningur né stórfelldt gáleysi í nýtingu starfskrafta“ þeirra og að hefð væri fyrir aðstoð við bændur á álagstímum (Ákærvaldið g. A og B., 20. júní 2018).

Árangur verkalýðshreyfingarinnar endurspeglar í að flestir viðmælenda tóku undir að meginreglan væri að virða bæri kjarasamninga og fagþekkingu fólks og að varast ætti sjálfböðavinnu í samkeppnisgreinum. Á sama tíma sýndu viðmælendur ákveðna mótspyrnu gegn orðræðu verkalýðshreyfingarinnar og sögðu að hreyfingin hefði beitt sér gegn þeim sem höfðu ráðið til sín sjálfböðaliða á óréttlátan hátt, jafnvel með ásökunum um þrælshald og ofbeldi. Slíkt væri ósanngjarnt því taka þyrfti tillit til staðbundinna og aðstæðubundinna þátta. Einstaka viðmælendur notuðu andkapítalísk rök gegn verkalýðshreyfingunni með því að benda á að vinnan væri, að mati hreyfingarinnar, eingöngu metin til fjár og að ekki mætti „greiða með greiða.“ Margir lögðu áherslu á gildi sjálfböðavinnunnar sem ekki væri hægt að reikna í peningum.

Kenningin um félagsleg samskipti (sjá t.d. Ritzer og Stepnisky, 2014), sem gengur út á að ein-

staklingar geri fórnar- nytjagreiningu (e. *cost-benefit analysis*) áður en stofnað er til nýrra samskipta, getur skýrt ástæður þess að sjálfböðastörfin þóttu mikilvæg. Hagnaðurinn þarf ekki að vera fjárhagslegur. Aðilar sem fá til sín erlenda sjálfböðaliða sjá þannig fyrir sér möguleika á að fá aðstoð við vinnu eða þann félagsskap sem óskað er eftir, og í staðinn fái sjálfböðaliðarnir húsnæði, fæði og tækifæri til að ferðast um dreifbýli Íslands (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir o.fl., 2019). Heimafólk sem sinnir sjálfböðastörfum sækist eftir velferð nærsamfélagsins en einnig félagsskap og skemmtilegheitum. Viðmælendur undirstrikuðu einmitt mikilvægi samkenndar og samvinnu, ekki síst í jaðarbyggðum þar sem fólk þarf að hlúa saman að innviðum og hvort öðru, vegna fámennis. Þar geti erlendir og innlendir sjálfböðaliðar lagt sitt af mörkum við að bæta samfélagið, án þess að á þeim eða öðrum sé brotið. Viðmælendur lögðu áherslu á að samhengi sjálfböðavinnunnar skipti máli og að sjálfsagt væri að víkja frá meginreglum um kjaramál, samkeppni og fagþekkingu ef það væri samfélaginu til hagsbóta. Engu að síður heyrðust raddir heimafólks um að sjálfböðavinnan gæti á köflum reynst þeim íþyngjandi. Einnig var bent á að erfitt væri að fá erlenda aðflutta einstaklinga til að taka þátt í sjálfböðastörfum með öðru heimafólki. Minnir sú umræða á umfjöllun Paarlberg og félaga (2021) um að auðveldara væri að fá fólk til að sinna sjálfböðastörfum í heimabyggð, ef byggðin væri einsleit hvað íbúasamsetninguna varðar.

Það var ekki laust við að viðmælendur kvörtuðu undan lægð í sjálfböðastarfi meðal íbúa og vitnuðu til fyrri tíma þegar þátttakan var meiri. Fram kom að ungar konur vildu ekki taka þátt í slíkum störfum þar sem ætlast væri til of mikils af þeim. Bentu þær á að kvenfélagskonur gerðu ekkert fyrir þær sjálfar. Í því ljósi vekur athygli að sjálfböðastarf í Skandinavíu hefur ekki minnkað skv. Qvist og félögum (2019), en starfið þar virðist beinast meira að viðfangsefnum sem þykja til hagsbóta fyrir þátttakendurna sjálfa en raunin er samkvæmt viðtölum okkar. Paarlberg og félagar (2021) hafa áhyggjur af dvínandi sjálfböðastarfi í dreifbýli, og þá einkum í byggðarlögum sem hafa lítinn aðgang að opinberri þjónustu. Þau kalla eftir umræðu um hvernig halda mætti uppi slíkum sjálfböðastörfum. Okkar rannsókn getur ekki staðfest hvort um raunverulega lægð sé að ræða í sjálfböðastörfum hér á landi eða hvort minni þátttaka skýrist af mikilli fækkun fólks í þeim byggðum sem voru valdar til þátttöku. Einnig eru vísbendingar um að auglýsingar eftir erlendum sjálfböðaliðum hafi færst frá þeim heimasíðum sem höfundar hafa greint yfir á aðra samfélagsmiðla. Hér er þörf á frekari rannsóknum. Þá er mikilvægt að skoða ástæður samdráttar í sjálfböðastörfum, sé hann staðfestur. Má benda á, eins og fram kom hjá Paarlberg og félögum (2021), að viðmælendum var tíðrætt um að ekki mætti gera sjálfböðastarfið tortryggilegt og að hafa þyrfti skýrar línur um hvað væri ásættanlegt sjálfböðastarf. Allnokkur munur virtist á skilningi viðmælenda okkar og aðila vinnumarkaðsins á því hvar slíkar línur ættu að vera dregnar og viðmælendum þótti mikilvægt að tekið yrði mið af aðstæðum í hvert sinn. Þeim var annað um að brjóta ekki reglur og undirstrikuðu að „glæpavæðing“ sjálfböðastarfsins skapaði mikið óöryggi, bæði meðal vinnuveitenda og sjálfböðaliðanna sjálfra.

Styrkleiki rannsóknarinnar og nýnæmið er fólgið í því að hér er ljósi varpað á sjónarhorn heimafólks í fjórum byggðarlögum sem eiga það sameiginlegt að hafa tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir. Sumir viðmælendur höfðu sjálfir ráðið til sín erlenda sjálfböðaliða eða sinnt sjálfböðavinnu í heimabyggð. Þessir aðilar eru mögulega jákvæðari gagnvart sjálfböðastarfi og áhrifum þess á byggðarlagið en íbúar almennt. Þótt rannsóknin fjalli um þá tegund jaðarbyggða sem hafa tekið þátt í verkefninu Brothættar byggðir, og íbúarnir verið fengnir til að ræða um áhrif sjálfböðastarfa á framtíðarmöguleika heimabyggðar, þá teljum við að þessi byggðalög séu ekki í eðli sínu ólík öðrum jaðarbyggðum hér á landi og erlendis, og því megi draga lærdóm af því sem fram kemur í þessari rannsókn, fyrir dreifbýli í víðari skilningi.

Lokaorð

Viðmælendur áttu það sammerkt að hafa ekki áhyggjur af því að sjálfböðastörf veiktu byggðalögin sem um ræðir, nema síður væri. Ástæðan er sú að sjálfböðaliðar sinna fyrst og fremst störfum sem enginn myndi greiða fyrir, störfum sem yrðu því ekki framkvæmd án sjálfböðaliða. Auk þess

myndu sumir, þar á meðal bændur, vinna sjálfir lengri vinnudag ef þeir væru ekki með sjálfböðaliða. Nokkuð almenn samstaða var þó um að sjálfböðavinna skyldi ekki skekkja samkeppni í efnahagslegri starfsemi. Viðmælendur voru sammála um að málið gæti verið flókið og að ekki væri alltaf ljóst hvar draga ætti mörkin á milli sjálfböðavinnu og þeirrar vinnu sem ætti að greiða fyrir samkvæmt kjarasamningum. Jafnframt gætu sjálfböðastörf haft í för með sér bæði áskoranir og vandamál, en þá frekar fyrir einstaklingana sem í hlut eiga, en sjálft byggðarlagið. Gilti það bæði um sjálfböðastörf heimafólks og utanaðkomandi. Þótt sumum viðmælendum þætti verkalýshreyfingin ganga of langt við bann á vinnu erlendra sjálfböðaliða, þá fannst þeim samtímis umræðan mikilvæg og kölluðu eftir skýrari viðmiðum um hvar draga ætti mörkin á milli sjálfböðastarfa og þeirra starfa sem ávallt bæri að greiða laun fyrir samkvæmt kjarasamningum.

Þakkir

Höfundar þakka styrk frá Byggðarannsóknasjóði Byggðastofnunar sem gerði rannsóknina mögulega. Við þökkum sérstaklega þátttakendum sem gáfu sér tíma til að veita okkur ómetanlegar upplýsingar um viðfangsefnið og Geir Gunnlaugssyni fyrir aðstoð við gagnaöflun. Loks þökkum við ritrynum fyrir góðar ábendingar.

Heimildaskrá

- Ahmad, R., Nawaz M. R., Ishaq M. I., Knam M. M. og Ashraf H. A. (2023). Social exchange theory: Systematic review and future directions. *Front. Psychol.*, 13: 1015921. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2022.1015921>
- Ákærvaldið g. A og B. (2018, 20. júní). Héraðsdómur Austurlands í máli nr. S-17/2017: Sótt 18. september 2023 á <https://www.heradsdomstolar.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=d5f8976d-24d8-42eb-be50-c7c9f7365f12>
- ASI (e.d) Ólaunuð vinna/sjálfböðaliðastörf. Sótt 12. september á <https://www.asi.is/vinnurettarvefur/vinnurettur/rettindi-og-skyldur/laun-og-vinnutimi/laun/olaunud-vinna-sjalfbodalistastorf/>
- Baumgarten, C. (2022). The Paradox of Voluntourism: How International Volunteering Impacts Host Communities. *Michigan Journal of Economics*. <https://sites.lsa.umich.edu/mje/2022/01/22/the-paradox-of-voluntourism-how-international-volunteering-impacts-host-communities/>
- Blau, P. M. (1964). *Exchange and power in social life*. New York: John Wiley.
- Byggðastofnun. (e.d.). *Brothættar byggðir*. Sótt 12. september 2023 á www.byggdastofnun.is/is/verkefni/brothaettar-byggdir
- Bændablaðið. (2017). Sjálfböðaliðar gangi ekki í almenn störf launafólks. Sótt 12. september 2023 á <https://www.bbl.is/frettir/sjalfbodalistastorf-gangi-ekki-i-almenn-storf-launafolks>
- Crang, M and I Cook (2007). *Doing Ethnographies*. Sage Publications.
- Cropanzano, R. og Mitchell, M. S. (2005). Social Exchange Theory. *An interdisciplinary Review Journal of Management*, 31(6), 874–900. <https://doi.org/10.1177/0149206305279602>
- Deery, M. og Leo, K. J. (2002). „The Core and the Periphery: An Examination of the Flexible Workforce Model in the Hotel Industry.“ *International Journal of Hospitality Management*, 21(4), 339–351. [https://doi.org/10.1016/S0278-4319\(02\)00013-0](https://doi.org/10.1016/S0278-4319(02)00013-0)
- Dlaske, K. (2016). Shaping Subjects of Globalisation: At the Intersection of Voluntourism and the New Economy. *Multilingua* 35(4): 415–440. <https://doi.org/10.1515/multi-2015-0002>
- Edgell, S. (2012). *The sociology of work: Continuity and change in paid and unpaid work* (2. útg.). London: Sage
- Einarsdóttir, J. og Rafnsdóttir, G. L. (2020). Hardworking, Adaptive, and Friendly Voluntourists. The Marketing of Volunteers in Iceland. Í Andreas Walmsley, Kajsa Åberg, Region, Petra Blinnikka og Gunnar Thór Jóhannsson (ritstj.). *Tourism Employment in Nordic Countries: Trends, Practices, and Opportunities* (bls. 101-121). Palgrave. <https://doi.org/10.1007/978-3-030-47813-1>
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Jónína Einarsdóttir og Ragnhildur Guðmundsdóttir. (2019). „Heiðarlegir vinnuþjarkar, hreinlátir og fljótir að læra“: Um sjálfböðaliðastörf á Íslandi. <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th/article/view/159>
- Hallmann, K. og Zehrer, A. (2016) How Do Perceived Benefits and Costs Predict Volunteers' Satisfaction? *Voluntas: International Journal of Voluntary and Nonprofit Organisations*, 27(2), 746-767. <https://doi.org/10.1007/s11266-015-9579-x>
- Homans, G. C. (1961). *Social behavior: Its elementary forms*. New York: Harcourt Brace.
- Hrafnisdóttir, S. og Kristmundsson, O. H. (2017). Volunteers for NPO's in Welfare Services in Iceland: A Diminishing Resource? *Voluntas*, 28, 204–222. <https://doi.org/10.1007/s11266-016-9790-4>
- Kalleberg, A. L. (2018). *Precarious Lives: Job Insecurity and Well-Being in Rich Democracies*. Medford, MA: Polity Press.
- Marx, K. og Engels, F. (1972). *Kommúnistaávarpið*. Mál og menning.

- Lyons, K., Hanley, J., Wearing, S. og Neil, J. (2012). Gap Year Volunteer Tourism: Myths of Global Citizenship? *Annals of Tourism Research*, 39(1), 361–378. <https://doi.org/10.1016/j.annals.2011.04.016>
- Malinowski, B. (1932). *Crime and custom in savage society*. London: Paul, Trench, Trubner.
- McGloin, C. og Georgeou, N. (2016). Looks Good on Your CV?: The Sociology of Voluntourism Recruitment in Higher Education. *Journal of Sociology*, 52(2), 403–417. <https://doi.org/10.1177/1440783314562416>
- Paarlberg L. E., Nesbit R., Choi S. Y. og Moss, R. (2021). The Rural/Urban Volunteering Divide. *Voluntas* 33: 107–120. <https://doi.org/10.1007/s11266-021-00401-2>
- Powell, A. (2018). Youth Unemployment Statistics. Briefing Paper Number 5871. House of Commons Library.
- Qvist, H-P., Folkestad, B., Fridberg, T. og Lundåsen, S. W. (2019). Trends in Volunteering in Scandinavia. Í L.S. Henriksen, K. Strømsnes, og L. Svedberg (ritstj.), Civic Engagement in Scandinavia: Volunteering, Informal Help and Giving in Denmark, Norway, and Sweden (bls. 67–95). Springer. Nonprofit and Civil Society Studies: An International Multidisciplinary Series.
- Rafnsdóttir G. L., Einarsdóttir J. og Klemensdóttir Á. A. (2020). „Not like every other tourist with selfie stick“: Voluntourism in Iceland. Í Kristín Loftsdóttir and Unnur Dis Skaptadóttir (ritstj.). *Mobility and Transnational Iceland: Current Transformations and Global Entanglements* (bls. 179–191). Háskólaútgáfan
- Rancew-Sikora, Dorota, and Unnur Dis Skaptadóttir. (2016). *Mobility to the Edges of Europe: The Case of Iceland and Poland*. Warsaw: Wydawnictwo Naukowe Scholar.
- Refslund, B. (2012). Offshoring Danish jobs to Germany: Regional effects and challenges to workers' organisation in the slaughterhouse industry. Í U. Huws (ritstj.), *Bridges and barriers: Globalization and the mobility of work and workers* (bls. 113–129). Analytica Publications.
- Ritzer, G. og Stepnisky, J. (ritstj.). (2014). *Sociological Theory* (9. Útg.). McGraw Hill
- Skedinger, P. (2013). Låglönekonkurrens og lønereglering í ett nordiskt perspektiv. *Ekonomiska Samfundets Tidskrift*, 66(2), 149–158. <http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:lnu:diva-41890>
- Steinunn Hrafnadóttir. (2012). Félagasamtök sem hluti af lýðræðiskerfi og þróun sveitarfélaga. Í Gunnar Helgi Kristinsson, Margrét Björnsdóttir og Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir (ritstj.), *Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum* (bls. 72–77). Samband íslenskra sveitarfélaga og Stofnun stjórnsýslu og stjórn mála við Háskóla Íslands.
- Steinunn Hrafnadóttir, Ómar H. Kristmundsson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (2017). Hvers vegna gerist fólk sjálfbodaliðar hjá Rauða krossinum á Íslandi? *Timarit félagsráðgjafa*, 11(1), 11–17. <chrome-extension://efaidnbmninnibpcajpgclclefindmkaj/https://vaxandi.hi.is/wp-content/uploads/2020/10/2557-3550-1-PB.pdf>
- Stjórnarráð Íslands (e.d.). *Byggðaaætlun 2018 – 2024*. Sótt 12. september 2023 á <https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/byggdaaetlun/byggdaaetlun-2018-2024/>
- Stuth, S. og Jahn, K. (2019). Young, successful, precarious? Precariousness at the entry-stage of employment careers in Germany. *Journal of Youth Studies*, 23(6), 702–725. <https://doi.org/10.1080/13676261.2019.1636945>
- Unnur Dis Skaptadóttir og Anna Wojtynska. (2019). Sveigjanlegur vinnumarkaður, hrakvinna og innflytjendur. Þemahefti: Íslenskur vinnumarkaður – Erlent starfsfólk. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(2), 15–30.
- Wearing, S. og McGehee, N. G. (2013). „Volunteer Tourism: A Review.“ *Tourism Management*, 38, 120–130. <https://doi.org/10.1016/j.tourman.2013.03.002>
- Wright, H. (2013). Volunteer Tourism and Its (Mis) Perceptions: A Comparative Analysis of Tourist/Host Perceptions. *Tourism and Hospitality Research*, 13(4), 239–250. <https://doi.org/10.1177/1467358414527984>
- Þóroddur Bjarnason. (2019). Íslenskar landsbyggðir og byggðafélagsfræði. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(3), 30–64. chrome-extension://efaidnbmninnibpcajpgclclefindmkaj/https://iris.ra.is/files/67770620/_B.pdf
- Þóroddur Bjarnason, Gréta Bergrún Jóhannsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Ólöf Garðarsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir, Unnur Dis Skaptadóttir og Vífill Karlsson. (2019). *Byggðafesta og búferlaflutningar: Bæir og þorp á Íslandi vorið 2019*. Byggðastofnun.

Um höfunda

JÓNÍNA EINARSDÓTTIR (je@hi.is) er prófessor í mannfræði. Hún lauk doktorsprófi í mannfræði frá Stokkhólmsháskóla í Svíþjóð árið 2000

GUÐBJÖRG LINDA RAFNSDÓTTIR (glr@hi.is) er prófessor í félagsfræði. Hún lauk doktorsprófi í félagsfræði frá Lunda Háskóla í Svíþjóð árið 1995